

Sveitarfélagið Árborg

b.t. Fjólu Steindóru Kristinsdóttur bæjarstjóra

**Efni: Rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka árið 2023.**

Eyrarbakka 24. október 2022

Lokið er gerð rekstraráætlunar fyrir Byggðasafn Árnesinga 2023 en haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga bs. var haldinn 11. október sl. þar sem rekstraráætlun Byggðasafns Árnesinga var tekin fyrir og samþykkt. Byggðasafn Árnesinga sér um rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka fyrir eiganda þess Sveitarfélagið Árborg samkvæmt þjónustusamningi. Samrekstur þessi hefur verið við líði frá 2001 og gengið vel. Innifalið í rekstraráætlun Byggðasafns Árnesinga er rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Í rekstraráætluninni er gert ráð fyrir 3% aukningu á framlagi frá sveitarfélaginu vegna Sjóminjasafnsins eða 7.245.000 kr. Aukningin skýrist af launahækkunum síðustu ára en framlagið hefur verið óbreytt í tvö ár. Með þessu framlagi er hægt að halda Sjóminjasafninu á Eyrarbakka opnu yfir sumartímann og eftir samkomulagi, greiða ýmsan rekstrarkostnað vegna safnsins, til þess að halda uppi faglegru starfsemi við safnið samkvæmt safnalögum og til þess að sinna sýningarhaldi í Þuríðarbrú á Stokkseyri. Að auki má þess geta að undanfarin þrjú sumur hefur safnið séð um að halda Knarrarósvita opnum um helgar í júlí og ágúst að ósk og í samráði við starfsmenn sveitarfélagsins.

Óskað er eftir að sveitarfélagið bregðist við þessari ósk um framlag til að hægt verði að halda uppi óbreyttri starfsemi við Sjóminjasafnið á Eyrarbakka. Ósk þessi er í samræmi við starfsáætlun Byggðasafns Árnesinga fyrir 2023.

Virðingarfyllst,

**Lýður Pálsson**

safnstjóri

**Afrit:** Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri, stjórn Byggðasafns Árnesinga, forseti bæjarstjórnar Árborgar.